



ORLOFSBLAÐ SAMEYKIS

MARS 2019

stéttarfélags í almannabjónustu



**Frestur til að sækja
um orlofshúsin er
til og með 28. apríl**

**Úthlutun
lýkur
29. apríl**

**Dagleighús
á vefnum
15. maí**



NÝTT ORLOFSBLAÐ

Orlofsblaðið inniheldur upplýsingar um allar orlofseignir Sameykis stéttarfélags og orlofsmöguleikana sem félagsmönnum stendur til boða. Við sameiningu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR stéttarfélags urðu eignir félagsins samtals 70 talsins um land allt, þar af þrjár á Spáni. Nú er unnið að því að sameina orlofskerfi gömlu félaganna og við munum taka upp orlofs- og bókunarkerfið Frímann sem St.Rv. hefur hingað til notað. Þetta er einfalt og gott kerfi sem allir ættu að geta nýtt sér. Leiðbeiningar eru hér í blaðinu. En þangað til við höfum eignast nýja sameiginlega vefsíðu þá munu félagsmenn sem áður voru í SFR komast inn á vefinn í gegnum Mínar síður en félagsmenn St.Rv. komast beint inn á vefinn frá vefsíðu St.Rv. Allir þurfa þó að hafa við höndina rafræn skilríki eða Íslykil þar sem bókunarkerfið er lokað öðrum en félagsmönnum.

Stjórn Orlofssjóðs er samsett úr báðum orlofsstjórnum gömlu félaganna en nú hefur framkvæmdanefnd Orlofssjóðs verið skipuð. Hana skipa Ólafur Hallgrímsson formaður Orlofssjóðs, Ingunn Hafdís Þorláksdóttir varaformaður og stjórnarmennirnir Hörður Heiðar Guðbjörnsson og Viðar Ernir Axelsson.

Framundan er mikil vinna hjá Orlofssjóði enda ávallt verið að endurnýja og endurgera orlofshúsin svo þau standist væntingar félagsmanna. Félagið leggur áherslu á að bjóða félagsmönnum upp á falleg orlofshús með góðri aðstöðu til að allir geti notið orlofsins sem best.



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG | ALMANNARÞJÓNUSTU

Ábyrgðarmaður:

Árni Stefán Jónsson

Umsjón:

Sóveig Jónasdóttir

Stjórn Orlofssjóðs

Ólafur Hallgrímsson,
formaður

Ingunn Hafdís Þorláksdóttir,
varafomaður

Dagrún Dagbjartsdóttir

Hafdís Hulda Vilhjálmsdóttir

Hörður Heiðar Guðbjörnsson

Jóhanna Huld Jóhannsdóttir

Ingjaldur Eiðsson

Maria Hlín Eggertsdóttir

Olga Gunnarsdóttir

Stefán Gíslason

Viðar Ernir Axelsson

Vilhjálmur Pálmasson

Umbrot:

Blaðasmíðjan

Prentun:

Guðjón Ó

Vistvæn prentsmiðja



Forsíðumynd:

Vigdís Pálsdóttir

Skrifstofa Sameykis

er á 4. hæð

Grettsigötu 89, 105

Reykjavík.

Sími 525 8340 – 525 8330

Opið virka daga

kl. 9:00 -16:00

Netfang

sameyki@sameyki.is

Veffang sameyki.is

Sameyki er á facebook

ISSN númerið er 2547-832X

ORLOFSVEFURINN

Orlofsvef Sameykis má finna á áberandi stað á vefsíðum félaganna. Til þess að komast inn á hann þarf að hafa annað hvort rafræn skilríki eða Íslykil.

Kerfið er einfalt og gott og þar má finna lýsingar á öllum orlofskostum félagsins, húsum og íbúðum innanlands og erlendis auk gjafabréfa í flug, hótelmiða og veiði- og útilegukort svo eitthvað sé nefnt.

Á Orlofsvefnum er hægt að bóka hús og sækja um úthlutun. Við hvetjum alla til að kynna sér hann vel.



Sækja um úthlutun

Til að sækja um úthlutun á orlofshúsi er smelt á „UMSÓKN UM...“ og þar er form sem fylla þarf út og fyrir neðan eru valmöguleikar. Í fyrri fellilistanum er orlofseign valin og í þeim seinni sú vika sem sótt er um. Ekki þarf að setja val í alla valmöguleikana.



Bóka orlofshús


Til að bóka orlofshús er best að fara í „Laus tímabil“ þar sem hægt að sjá hvaða eignir eru lausar og á hvaða tíma. Þegar búið er að finna hús og dag er smelt á dagsetninguna fyrir viðeigandi hús. Þá kemur upp gluggi sem biður um brottfarardag. Þegar hann hefur verið valinn er smelt á staðfesta. Síðan er farið í



greiðsluferli. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu er samningur sendur í tölvupósti. Einnig er hægt að sækja samninga og kvittanir undir „Síðan mín“.

Miðar og kort

Félagsmönnum stendur einnig til boða að kaupa hótelmiða á sérkjörum. Í valmyndinni efst er valið „Miðar og Kort“. Til að kaupa miða eða kort er einfaldlega smelt á viðeigandi vöru, þá opnast gluggi þar sem hægt er að setja inn fjölda og síðan er smelt á „Setja í körfu“. Þá koma upp skilaboð um hvort félagsmaður vilji ganga frá greiðslu með því að smella á „Karfa“ eða halda áfram að versla með því að smella á „Halda áfram“. Þegar gengið hefur verið frá greiðslu er miði og kvittun sent í tölvupósti. Einnig er hægt að sækja miða og kvittanir undir „Síðan mín“.



VERÐ

Verð á leigu orlofshúsa er mismunandi eftir stærð húsanna en einnig er munur á því hvort leigt er að sumri eða vetri.

Verðið fyrir vikuleigu er 21-32 þúsund eftir stærð hússins.

Helgarleiga á orlofshúsum er á bilinu 16-18 þúsund, og aukanóttin 2500 kr.

Orlofshúsið okkar og íbúðirnar á Spáni kosta frá 45-55 þúsund yfir vetrartímann en 55-65 þúsund yfir sumartímann.

Nánari upplýsingar um verð er að finna á orlofsvefnum.



Endurgreiðslur almennt

Ef eign er skilað með minna en tveggja vikna fyrirvara fæst ekki endurgreitt nema eignin leigist aftur og einungis það sem fæst fyrir hana þá. Þegar um endurgreiðslu er að ræða er alltaf endurgreitt með sama greiðslumáta og notaður var við bókun, þ.e. inn á kreditkort ef greitt var með kreditkorti, o.s.frv.

Endurgreiðslur á veturna

Sama regla og hér að ofan nema Orlofssjóður Sameykis ábyrgist snjómokstur á föstudögum og sunnudögum á stóru orlofssvæðunum t.d. Munaðarnesi, Vaðnesi, Kjarnabyggð, Úthlíð, Úlfjótsvatni, Akrakoti og Húsafelli en ekki aðra daga. Göngustígar á orlofssvæðum og að húsum eru ekki mokaðir. Leigugjald er ekki endurgreitt þótt sjóðfélagi geti ekki nýtt sér dvöl að fullu vegna veðurs eða ófærðar.

Breytingagjald

Ef breyta þarf bókun kostar það 2.000 kr. Þetta á ekki við ef bæta þarf við degi til eða frá heldur einungis ef skipta þarf alveg um tímabil. Góð regla fyrir brottför er að bóka sig inn á orlofsvefinn og prenta út nýja kvittun. Ástæðan er sú að ef einhver breyting verður í sambandi við húsið/ íbúðina eða umsjónina, uppfærast upplýsingarnar á kvittuninni.



Hver er munurinn á bókun og úthlutun?

ÚTHLUTUN Auglýst er eftir umsóknum um ákveðin tímabil (páskar- sumar). Þú sækir um og eftir ákveðinn tíma fer úthlutun fram og svar berst í tölvupósti

BÓKUN Þú ferð sjálf/ur inn á orlofsvefinn og kynnir þér hvað er laust, bókar og greiðir. Gildir fyrir dagleiguhús, lausar vikur á sumrin og utan úthlutunartíma á veturna.

Orlofspunktar

- Félagsmenn ávinna sér 12 orlofspunkta á ári, þ.e. 1 punkt fyrir hvern unninn mánuð.
- Orlofspunktar stýra því hverjir eru í forgangi á úthlutunartímum. (Flestir punktar = mestir möguleikar).
- Hægt er að skoða punktastöðu á ORLOFSVEFNUM.
- Punktastaða er uppfærð einu sinni á ári áður en páskaúthlutun fer fram.
- Allir virkir félagsmenn geta sótt um á úthlutunartímum þótt þeir eigi fáa eða enga punkta. Þá fer punktastaða viðkomandi í mínus.
- Félagar í lífeyrisdeild ávinna sér ekki punkta eftir starfslok.

Úthlutanir/orlofsmöguleikar „kosta“ mismarga **orlofspunkta**.

10 PUNKTAR: Fyrir orlofsávísun.

40 PUNKTAR: Fyrir sumarhús og íbúðir í vikuleigu.

Orlofshús sem standa út af eftir að úthlutun lýkur eða losna óvænt á úthlutunartímanum kosta líka punkta.

Orlofshús sem bókuð eru utan úthlutunartíma kosta ekki punkta.

Gjafabréf, Útilegukortið og Veiðikortið kosta ekki punkta.

Að gefnu tilefni

Ekki er leyfilegt að setja upp tjöld, leggja fellihýsum eða hjólhýsum við orlofshús Sameyki. Gert er ráð fyrir ákveðnum fjölda gesta í húsunum og fólk er beðið um að virða það og bæta ekki við gestum á á lóðir eða jafnvel bílastæði. Í flestum tilfellum eru tjaldsvæði ekki langt undan og því bendum við fólki sem á von á viðbótargestum að kynna sér það. Hjá Sameyki er einnig hægt að kaupa útilegukort sem gildir á mörgum tjaldsvæðum um land allt. Umsjónarmenn orlofshúsanna hafa heimild félagsins til að vísa félagsmönnum burt sem brjóta þetta bann.

Um gengni og frágangur í lok orlofsdvalar

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa eftir sig m.a. ísskáp, eldavél og ofn, skápa, salerni og grill. Einnig ber að þurrka af og skúra gólf, loka gluggum og útihurðum vandlega og taka raftæki úr sambandi. Félagsmaður má ekki framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum að leigja í sínu nafni.

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir

eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmann á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins á skrifstofutíma.

Munið að ganga frá húsunum eins og þið viljið koma að þeim, orlofshúsin eru sameign félagsmanna og því mikilvægt að vel sé gengið um.

Tjaldstæði að Þórisstöðum

Félagsmönnum stendur til boða frí afnot af aðstöðu STJÁ að Þórisstöðum, ásamt mökum þeirra og börnum upp að 16 ára aldri. Aðgangur er að tjaldstæðum í landi Þórisstaða í Svínadal. Þeir sem nota þessa aðstöðu þurfa að geta staðfest að þeir séu félagsmenn í Sameyki.

MIKILVÆGT er að virða réttan komu- og brottfarartíma. Prentið út kvittanir áður en farið er í bústað, þar má m.a. finna upplýsingar um komu- og brottfarartíma, símanúmer umsjónarmanns o.fl.

GÓÐ UMGENGNI er hagar okkar allra og því er mikilvægt að skilja við eins og við viljum koma að. Sameyki áskilur sér rétt til að innheimta fyrirvaralaust sérstakt þrifagjald þar sem ekki er nægjanlega vel skilið við. Góður frágangur er á ábyrgð leigutaka.

GÆLUDÝR eru stranglega bönnuð á orlofshúsa-svæðunum, það gildir líka um gæludýr gesta.

REYKINGAR eru stranglega bannaðar í húsunum.

NAUÐSYNLEGT og gott að taka með: Salernispappír, handsápu og sjampó, sængurfatnað (lín) og lök, handklæði, diskapurkur, borðtuskur, plastpoka, eldhúsrúllur, kaffipoka (filter), kol (ef kolagrill), kerti og eldspýtur, álpappír, krydd, sykur og olíu til steikingar og svo hleðslutæki fyrir gemsann.

Réttindi lífeyrisdeildar Sameykis í sumar

Félagsmenn halda punktaeign sinni þegar þeir færast yfir í lífeyrisdeild og geta klárað að nýta punktana sína en ekki er um frekari punktaávinnslu að ræða. Vetrarleiga kostar ekki punkta en sumarleiga kostar punkta.

Félagar hafa rétt á að sækja rafrænt um orlofshús í sumar nema 7 vikna tímabil sem er frá 21.06.-09.08. 2019. Þær vikur sem ekki leigjast

út fara svo í almenna úthlutun sem félagar í lífeyrisdeildinni hafa rétt á að bóka til jafns við aðra. Félagsmenn í lífeyrisdeildinni greiða sömu leigu og aðrir félagar.

Ef í ljós kemur að félagar í Lífeyrisdeild framlægja orlofshús til þriðja aðila munu þeir fá áminningu eins og aðrir félagsmenn Sameykis sem getur leitt til þess að þeir fái ekki að leigja orlofshús.

Ætlast er til að félagsmaðurinn sé sjálfur með í för.

Félagar í lífeyrisdeild hafa rétt til þess að nýta sér aðra þá orlofsmöguleika sem Sameyki býður upp á. Þar má nefna gjafabréf í flug, miða á Eddu- og Fosshótel, Veði- og Útilegukort o.fl. sem auglýst er á heimasíðu Sameykis hverju sinni.

Norðurás Svínadal



Sameyki á alveg nýuppgerpt hús 83 fm Norðurás 1, Svínadal í Kambhólslandi. Lokið var við að endurgera húsið nú í mars. Húsið er með þremur svefnherbergjum. Svefnpláss í rúmi er fyrir 6-8 manns en tvær dýnur fylgja. Sængur og koddar fyrir 8. Húsið er vel búið og í því allur almennur eldhúsbúnaður og borðbúnaður fyrir 12 manns. Á ca 100 fm góðri barnheldri verönd eru garðhúsgögn, gasgrill og heitur pottur. Þvottavél er í geymslu og sjá gestir um að þrifa gólfmoppur.

ÞRÁÐLAUST NET



NORÐURÁS

Fermetrar	83
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6 til 8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



MUNAÐARNES

Sameyki á nú 20 orlofshús í Munaðarnesi í fjórum hverfum. Fjögur þeirra standa við Vörðuás, sex í Eyrarhlíð, sjö í Stekkjarhóli og þrjú við Bjarkarás, þar af er eitt húsanna (nr. 10) sérstaklega hannað með tilliti til aðgengis hreyfihamaðra. Húsin eru mismunandi að stærð eða allt frá 52-83 fm og rúma 5-7 gesti. Í öllum húsunum er myndlykill frá Stöð 2 og 4G roter frá Vodafone. Upplýsingar um hvernig hægt

er að kaupa sér áskrift má lesa um á staðnum. Tvö húsanna í Munaðarnesi verða í daglegu í sumar. Á svæðinu eru leiktæki á fleirum en einum stað þar sem finna má m.a. rólur, fótboltavöll, minigolf og aparólu svo eitthvað sé nefnt. Athugið að það eru ýmist kola- eða gasgrill í húsunum. Nánari upplýsingar má alltaf finna á orlofsvefnum.

Golfvöllur

Golfvöllurinn Glanni er níu holu völlur í fögru umhverfi í næsta nágrenni orlofsbyggða BSRB í Munaðarnesi. Á meðan á dvöl stendur fá félagsmenn Sameykis frítt fyrir tvo á völlinn og helmingsafslátt fyrir aðra dvalargesti.




VÖRÐUÁS

Fermetrar	63-83
Fjöldi svefnherbergja	2-3
Svefnpláss	6-8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2/Nei
Fjöldi sænga	5-8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp og CD	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Kola/Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internetting	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Vörðuás

Sameyki á fjögur hús í Vörðuási. Þrjú eru 63m² með tveimur svefnherbergjum með svefnplássi fyrir 5 manns. Í hjónaherbergi er rúmið 153x200 sm að stærð og í kjuherbergi er neðri kjojan 140X200 sm en efri 90X200 sm. Engar aukadýnur eru í húsinu. Verönd er stór og góð með heitum potti, garðhúsgöngum og kolagrilli. Hús nr. 17 er 83 fermetrar með þremur herbergjum og svefnpláss er fyrir allt að 6 manns. Í eldhúsum



ÞRÁÐLAUST NET

er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, svo sem eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 12 manns. Í kringum húsin er stór verönd með heitum potti, garðhúsgöngum og kolagrilli.


Athugið að hús nr. 17 er stærra en hin

Bjarkarás

HÚS nr. 3 og 5 eru um 85m² að stærð með þremur svefnherbergjum með svefnplássi fyrir 6-7 í húsi nr. 3 en 6 manns í húsi nr. 5. Hús nr. 10 er 70 fm með þremur svefnherbergjum og er hannað með tilliti til aðgengis hreyfihamlaðra. Til dæmis er hægt að hækka og lækka eldhúsinnréttingu að hluta til með rafbúnaði, góðum rampi og víðari dyraopum. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, svo sem eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Í öllum herbergjum eru rúmin af stærðinni 153x200 sm. Það eru ekki aukadýnur í húsunum. Verandir í kringum húsin eru stórar með heitum potti, garðhúsgögnum og kolagrilli.



ÞRÁÐLAUST NET



BJARKARÁS

Fermetrar	85
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	allt að 6 til 7
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	6 til 7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Kola
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internetting	Kostar
Gæluþyr leyfð	Nei

Stekkjjarhóll



ÞRÁDLAUST NET

Hús nr 72, 73, 76 og 77 við Stekkjarhjóll eru 77-83 fm. Í hverju þeirra eru 3 svefnherbergi með svefnplássi fyrir allt að 6 manns. Í húsunum eru tvö herbergjanna með 160 sm hjónarúmi og þriðja herbergið með kojum. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Í kringum húsin er stór verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og grilli.



STEKKJARHÓLL

Fermetrar.....	77-83
Fjöldi svefnherbergja	3
Rúm fyrir allt að.....	6 til 7
Svefnloft.....	Nei
Aukadýnur.....	Nei
Fjöldi sænga.....	6 til 7
Barnarúm.....	Ferða
Barnastóll.....	Já
Sjónvarp.....	Já
Útvarp og CD.....	Já
Heitur pottur.....	Já
Uppþvottavél.....	Já
Grill.....	Kola
Ræstiefni.....	Já
Golfmoppur.....	2
Uppþvottalögur.....	Nei
Tuskur og viskustykki.....	Nei
Internettenging.....	Kostar
Gæluþyr leyfð.....	Nei

Birkihlíð BSRB

Félagsmenn Sameyki ásamt félagsmönnum annarra aðildarféлага BSRB eiga einnig rétt á orlofshúsi bandalagsins í Munaðarnesi – Birkihlíð. Húsið er ekki í almennri úthlutun en hægt er að bóka og fá nánari upplýsingar á skrifstofu BSRB í síma 525 8300.





Eyrarhlíð og Stekkjarhóll

Þau sex hús sem Sameyki á við Eyrarhlíð og hús nr. 78-80 á Stekkjarhóli eru öll 52 fm. Í hverju þeirra eru 3 svefnherbergi með svefnplássi fyrir allt að 6-8 manns. Í eldhúsum er allur nauðsynlegur búnaður og tæki, s.s. eldavél með ofni, ísskápur með frysti, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir 10-12 manns. Í húsunum eru tvö herbergjanna með 160 sm hjónarúmi og þriðja herbergið með kojum. Þá eru einnig aukadýnur í húsunum. Í kringum húsinn er stór verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og gasgrilli.

ÞRÁÐLAUST NET



EYRARHLÍÐ STEEKJARHÓLL

Fermetrar.....	52
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir.....	6-8
Svefnloft.....	Nei
Aukadýnur.....	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd.....	Já
Útvarp/CD.....	Já
Heitur pottur	Já
Uppbottavél	Já
Grill	Gas
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internetting	Kostar
Gæluðyr leyfð.....	Nei

Skorradalur



ÞRÁÐLAUST NET

Í Skorradal er glæsilegt 80 fm heilsárshús með 3 svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi og stofu sem eru í einu rými. Í húsinu er svefnaðstaða fyrir 4-6. Eitt svefnherbergið er með tvöföldu rúmi, sem hægt er að taka í sundur, en hin herbergin tvö eru með rúmunum sem hvort um sig eru 140 sm á breidd. Einnig eru tvær aukadýnur í húsinu. Allar innréttingar og húsbúnaður er vandaður og húsið er búið öllum nútímaþægindum. Borðbúnaður er fyrir 8 manns. Á verönd er heitur rafmagnspottur, kolagrill, borð og stólar. Þaðan má njóta stórfenglegs útsýnis yfir Skorradalsvatn og til Skarðsheiðar. Athygli skal vakin á því að það eru margar tröppur upp að húsinu og því getur það verið óhentugt fyrir þá sem eiga erfitt með gang.



SKORRADALUR

Fermetrar	80
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	4-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur (Rafmagns)	Já
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettinging	Kostar
Gæluþyr leyfð	Nei



Húsafell



Sameyki á tvö hús við Hraunbrekkur. Þau eru 64 fm með 2 hjónaherbergjum, 1 svefnherbergi með svefnplássi fyrir þrjá og 30 fm svefnlofti. Fimm góðar aukadýnur eru á svefnlofti. Í hvoru húsi er borðbúnaður, sængur og koddar fyrir 12 manns. Í kringum húsin er verönd með heitum potti, garðhúsgögnum og kolagrilli. Húsin standa nálægt hvort öðru á grónum og rólegum stað innarlega á svæðinu en auðvelt er að nýta sér þjónustuna sem veitt er á Húsafelli, sundlaug, golfvöll, verslun o.fl.



HÚSAFELL

Fermetrar	64
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	7
Svefnloft	Já
Aukadýnur	5
Fjöldi sænga	12
Bamarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Kola
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei

Selásar – Borgarbyggð

Sameyki á eitt hús á þessu svæði sem er örstutt frá Munaðarnesi. Húsið er 120 fm með þremur svefnherbergjum á neðri hæð, baði, eldhúsi og stofu í sameiginlegu rými. Einnig er svefnloft í húsinu og svefnaðstaða fyrir 1-2 í gestaherbergi sem er baka til í gestahúsi með sérinngangi. Svefnaðstaða er fyrir allt að 10 manns sem skiptist þannig að í aðalhúsi er hjónaherbergi með 140x200 sm rúmi og tvö kojuberbergi þar sem neðri kójan er 120 sm og efri 80 sm að breidd. Uppi á háalofti er rúm (120 sm) og tvær dýnur. Í gestahúsinu er 120 sm breitt rúm. Í húsinu er allur almennur búnaður auk þvottavélar og borðbúnaðar fyrir 12 manns. Í kringum húsið er stór verönd með heitum potti, útihúsgögnum og kolagrilli.



PRÁÐLAUST NET

SELÁSAR

Fermetrar	120
Fjöldi svefnherbergja	5
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Já
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur	Já
Uppþvottavél	Já
Grill	Kola
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internetting	Kostar
Gæludýr leyfð	Nei



Arnarstapi



Orlofshúsið á Arnarstapa stendur við Sólvaslóð sem er hverfi með 13 sumarhúsum. Húsið er 60 fm með 2 hjónaherbergjum og þriðja herbergið er með kojum. Á svefnlofti eru 4 dýnur og því svefnaðstaða fyrir 10 manns. Sængur og koddar eru fyrir alls 10 manns. Í eldhúsi er allur almennur búnaður fyrir 10 manns. Við húsið er verönd með heitum rafmagnspotti, útihúsgögnum og kolagrilli. Gæludýr eru leyfð í húsinu á Arnarstapa.

**GÆLUDÝR ERU
VELKOMIN EN
NAUÐSYNLEGT
ER AÐ
VANDA ALLA
UMGENGNI OG
ÞRÍFA VEL EFTIR
DÝRIN.**

**LAUSAGANGA
(DÝRA) ER
STRANGLEGA
BÖNNUÐ**

ÞRÁDLAUST NET

ARNARSTAPI

Fermetrar	60
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Já
Aukadýnur	4
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp /CD	Já
Heitur pottur (Rafmagns)	Já
Grill	Kola
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já



Krossholt – Barðaströnd



KROSSHOLT – BARÐASTRÖND

Fermetrar	118
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	10
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Já
Ræstiefni til þrifa	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Nei
Gæludýr leyfð	Nei

Sameyki hefur á leigu einbýlishús á Barðaströnd. Húsið er 118 fm og svefnpláss fyrir allt að 8 manns. Svefnherbergjin eru þrjú, í einu þeirra er hjónarúm en í hinum 90 sm rúm. Tvær aukadýnur eru einnig í húsinu. Eldhúsið er vel búíð með eldavél og uppvottavél, einnig er þvottavél í húsinu. Stór verönd er við húsið með heitum potti, gas- og kolagrilli.



EKKI NET

Hólmavík

EKKI NET



Einbýlishús á einni hæð við Lækjartún í Hólmavík. Húsið er um 106 fm með tveimur rúmgóðum svefnherbergjum með svefnplássi fyrir 6 manns. Í húsinu er vel búíð eldhús og þvottahús. Úr stofu er gengið út á gróna lóð með útsýni yfir Skeljavík, Skeljavíkurháls og Kálfanesfjall. Úr

þvottahúsi er gengið út á sólpall, þar er aðstaða til að grilla. Á Hólmavík er m.a. góð sundlaug með heitum pottum, kaffihús og verslanir auk ágætrar afþreyingar fyrir ferðamenn s.s. golfvöllur og hestaleiga. Athugið að í húsinu er ekki netaðgangur.



HÓLMAVÍK

Fermetrar	106
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Kola
Uppþvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	2
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Nei
Gæluðyr leyfð	Föstudagar

Bær III – Strandasýslu



BÆR III

Fermetrar	180
Fjöldi svefnherbergja	5
Svefnpláss fyrir	10
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	10
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internetting	Nei
Gæluðyr leyfð	Nei

Sameyki hefur á leigu 180 fm einbýlishús í Strandasýslu. Í húsinu eru fimm rúmgóð svefnherbergi með svefnplássum fyrir 10 manns. Að auki fylgja húsinu tvær aukadýnur og barnaferðarúm. Eldhúsið er stórt og ágætlega búíð og stofan einnig en úr stofuglugganum er afar gott útsýni. Í húsinu er einnig þvottahús. Gasgrill og útihúsgögn fylgja með húsinu.

Húsið stendur á fallegum stað og þaðan er gott útsýni yfir Steingrímsfjörð og Grímsey. Staðsetningin hentar vel til ferðalaga um Vestfirði m.a. í Árneshrepp á Ströndum og vestur í Ísafjarðardjúp. Stutt er í Drangnes þar sem er góð sundlaug, heitir pottar við sjóinn, veitingastaður og verslun. Hægt er að bóka ferðir út í Grímsey og í sjóstangaveiði frá Drangnesi.



EKKI NET

Súðavík

Í fjölbýlishúsi við Aðalgötu 2 í Súðavík hefur Sameyki á leigu 3ja herbergja íbúð. Hún er með rúmgóðu hjónaherbergi, barnaherbergi með koju (neðri koja ein og hálf breidd en efri koja einbreidd). Í stofu er einnig svefnsofi. Svefnpláss er fyrir fimm manns.

Súðavík liggur miðsvæðis á Vestfjörðum, 19 km eru til Ísafjarðar. Bærinn hefur upp á margt að bjóða fyrir utan fegurðina og lognið endalausa. Þar er hinn rómaði Raggagarður sem er leiktækjagarður fyrir börn á öllum aldri. Þar er einnig að finna Refasetrið sem er hið eina á landinu. Fallegar gönguleiðir eru víða í nágrenninu, stutt er í þrjár sundlaugar og þrjár golfvelli eru innan seilingar.



EKKI NET

SÚÐAVÍK

Fermetrar	84
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	5
Svefnsofi í stofu	Já
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	7
Barnarúm	Nei
Barnastóll	Nei
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp/CD	Já
Fjöldi, borðbúnaður	8
Grill	Gas
Heitur pottur	Nei
Þvottavél	Nei
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internettenging	Nei
Gæluðyr leyfið	Nei

Hólar í Hjaltadal



HÓLAR

Fermetrar	98
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	7
Svefnsofi í stofu	Nei
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	7
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	8
Grill	Kol
Heitur pottur	Nei
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internetting	Nei
Gæluþyr leyfð	Nei

Sameyki hefur á leigu 2 íbúðir að Hólum í Hjaltadal. Um er að ræða snyrtilegar og vel búnar 5 herbergja íbúðir á jarðhæð. Í fjórum svefnherbergjum er svefnpláss fyrir sjö manns. Þvottahús er í íbúðunum. Að Hólum er sundlaug og margvísleg þjónusta fyrir ferðamenn.



EKKI NET

Blönduós – Brautarholt



**GÆLUDÝR ERU
VELKOMIN EN
NAUBSYNLEGT
ER AÐ
VANDA ALLA
UMGENGNI OG
ÞRÍFA VEL EFTIR
DÝRIN.
LAUSAGANGA
(DÝRA) ER
STRANGLEGA
BÖNNUÐ**



Sameyki hefur á leigu sumarhús á Blönduósi. Húsið er með tveimur svefnherbergjum og svefnsófi er í stofu, alls er svefnpláss fyrir 6 til 8 manns. Húsið stendur í orlofshverfi þar sem er þjónustumiðstöð en þar er þvottavél og þurrkari sem hægt er að nýta sér gegn vægu gjaldi. Athugið að engar aukadýnur eru í húsinu en hægt að fá þær í þjónustumiðstöð.

ÞRÁÐLAUST NET



BRAUTAR- HOLT

Fermetrar	56
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir	6
Svefnsófi í stofu	Já
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
DVD spilarí	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður	8
Grill	Gas
Heitur pottur	Já
Þvottavél	Nei
Ræstiefni til þrifa	Já
Uppþvottalögur	Já
Internettenging	Kostar
Gæludýr leyfð	Já

Hrísey – Norðurvegur

Sameyki leigir 180 fm íbúð að Norðurvegi 7-11 í Hrísey. Íbúðin er á annarri hæð fyrir ofan verslunina á staðnum. Í fjórum svefnherbergjum er svefnpláss fyrir 10 manns og er íbúðin ágætlega búin og rúmgóð. Í eyjunni er glæsileg sundlaug ásamt heitum potti og aðstaða til sjósunds, fótbolta- og frísbíggjufvöllur og gott leiksvæði fyrir börn.

Athugið að bílar eru ekki leyfðir í eyjunni og því ber að skilja bíla eftir í landi þegar ferjan er tekin út í Hrísey. Á hafnarbakkanum er hins vegar handhæg kerra sem hægt er að nota til að ferja farangur heim í hús.



EKKI NET



NORÐUR-VEGUR

Fermetrar	180
Fjöldi svefnherbergja	4
Svefnpláss fyrir	10
Svefnsófi í stofu	Já
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	Nei
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Nei
Barnastóll	Já
Sjónvarp/dvd	Já
Útvarp/CD	Já
Fjöldi, borðbúnaður	10
Grill	Gas
Heitur pottur	Nei
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internetting	Nei
Gæluþyr leyfð	Já



Hrísey – Miðbraut



EKKI NET

Í Hrísey er sérlega skemmtilegt mannlíf, mikil náttúrukyrrð og fegurð, fjöldi gönguleiða og fjölskrúðugt fuglalíf. Þar er m.a. að finna eitt elsta steikhús landsins, veitingahúsið Brekku, sem býður upp á landsfrægar steikur. Matvöruverslunin Júllabúð er opin allt árið um kring og þar er hægt að kaupa inn helstu nauðsynjar. Í eyinni er ný og góð sundlaug og í fjörunni fyrir neðan laugina er góð sandströnd þar sem vinsælt er að fara í sjóböð.

Akureyri er í 20 mín. fjarlægð frá Árskógarströnd og þaðan er 15 mín. sigling með ferjunni Sæfara. Athugið að bílaumferð gesta er ekki leyfð í eyinni.

Nánari upplýsingar á www.hrisey.net og www.nordurland.is



MIÐBRAUT

Fermetrar	107
Fjöldi svefnherbergja	4
Svefnpláss fyrir	7 til 8
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	1-2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Já
Barnastóll	Já
Sjónvarp	Já
Útvarp/ CD	Já
Heitur pottur	Já
Grill	Kola
Uppbottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppbottalögur	Nei
Rúmfatnaður/Handklæði	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Nei
Gæluðyr leyfð	Nei

AKUREYRI

Sameyki býður upp á fjölbreytta orlofskosti á Norðurlandi, alls 10 eignir á Akureyri og næsta nágrenni. Um er að ræða bæði íbúðir sem félagið á og leigir fyrir félagsmenn. Úrvalið er mikið því auk íbúðanna sem staðsettar eru inni í bænum eru þrjú orlofshús rétt utan við bæinn, eitt inn við Kjarnaskóg og tvö í Hálöndunum sem eru í næsta nágrenni við skíðabrekkurnar.

Skálatún

PRÁÐLAUST NET

Við Skálatún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir 5-6 manns. Í tveimur svefnherbergjanna eru 4 rúm sem hægt er að setja saman tvö og tvö en í því þriðja er eitt 140 sm breitt rúm. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður fyrir 10. Út frá stofunni eru litlar svalir þar sem er gasgrill.



SKÁLATÚN

Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir	5-6
Svefnloft	Nei
Aukadýnur	2
Fjöldi sænga	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp/DVD	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur	Nei
Grill	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Túskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gælundýr leyfð	Nei

Hamratún

Við Hamratún á félagið 4ra herbergja íbúð á efri hæð. Svefnpláss er fyrir allt að 8 manns. Í einu svefnherbergjanna er tvíbreitt rúm og í öðru herbergi eitt 140 sm rúm. Í forstofuherbergi eru kojur og eitt 100 sm rúm. Auk þess eru 2 góðar aukadýnur og 2 minni (fyrir börn) og barnaferðarúm. Í eldhúsi er allur almennur borðbúnaður fyrir 10 manns. Út frá stofunni eru litlar svalir þar sem er gasgrill. Heitur pottur er á verönd í garði við enda hússins.



PRÁÐLAUST NET

HAMRATÚN

Fermetrar	100
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir.....	6-8
Svefnloft.....	Nei
Aukadýnur.....	2
Fjöldi sænga.....	8
Barnarúm	Ferða
Barnastóll	Já
Sjónvarp/DVD	Já
Útvarp/CD	Já
Heitur pottur	Já
Grill.....	Gas
Uppþvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Gólfmoppur	Já
Uppþvottalögur	Nei
Tuskur og viskustykki	Nei
Internettenging	Kostar
Gæluðyr leyfð.....	Nei

Akureyri – Stúdentabúðir



EKKI NET

Sameyki leigir þrjár stúdentabúðir í sumar fyrir félagsmenn í Dekagili og Kjalarsíða. Íbúðirnar eru 75fm og þar geta allt að 7 manns gisti. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi og í stofu er svefnsófi. Í öðru herbergjanna er hjónarúm en í hinu einbreitt rúm. Tvær dýnur fylgja íbúð. Eldhúsið er ágætlega búið með eldavél og örbylgjuofni og þvottavél og þurrkari eru á hæðinni.

KJALARSÍÐA/ DREKAGIL

Fermetrar	75
Fjöldi svefnherbergja	2
Svefnpláss fyrir.....	5
Svefnsófi í stofu.....	Já
Svefnloft	Nei
Aukadýnur.....	2
Fjöldi sænga.....	6
Barnarúm.....	Já
Barnastóll.....	Já
Sjónvarp/ DVD	Já
Útvarp	Já
Fjöldi, borðbúnaður.....	6
Grill.....	Gas
Heitur pottur.....	Nei
Þvottavél	Já
Ræstiefni	Já
Uppþvottalögur	Nei
Internetting	Nei
Gæludýr leyfð.....	Nei



Hrísalundur

Við Hrísalund á félagið vel búna 4ra herbergja íbúð á jarðhæð. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi og svefnpláss er fyrir 8-10 manns. Eldhúsið er vel búið og í íbúðinni er þvottavél. Hægt er að ganga úr stofu út á verönd þar sem er gasgrill og garðhúsgögn.



ÞRÁDLAUST NET

HRÍSA-LUNDUR

Fermetrar	104
Fjöldi svefnherbergja	3
Svefnpláss fyrir.....	5
